

EINSTAKAR MÆÐUR - LÖG FÉLAGSINS

1.gr. Nafn og heimili

Félagið heitir Einstakar mæður. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk

Megin tilgangur félagsins er að standa vörð um réttindi einhleypra kvenna sem velja að eignast barn/börn með gjafakynfrumum eða gegnum ættleiðingu og barna þeirra, m.a. með því að:

- Efla tengsl milli félagskvenna og barna þeirra.
- Sinna fræðslustarfi um stöðu og hagsmuni einhleypra kvenna sem eiga börn getin með gjafakynfrumum eða gegnum ættleiðingu og barna þeirra, m.a. með því að halda úti upplýsingavef.
- Fylgjast með lagasetningu Alþingis sem varðar hagsmuni félagskvenna og barna þeirra.
- Jafnframt þrýsta á um breytingar á lögum þegar um er að ræða hagsmunamál félagskvenna og barna þeirra.
- Byggja upp tengsl og efla samstarf við sambærileg félög í nágrannalöndunum.
- Vinna að öðrum þeim verkefnum sem aðalfundur felur stjórn að annast.

3. gr. Aðild

Aðild að félaginu er opin konum sem hafa eignast barn/börn einar síns liðs, getin með gjafakynfrumum við tæknifrjógvun eða í gegnum ættleiðingu og börn þeirra skráð föðurlaus í þjóðskrá. Að auki konum sem hafa hafið tæknifrjógvunar- eða ættleiðingarferli einar síns liðs. Börn framangreindra kvenna sem náð hafa lögaldri skulu einnig hafa rétt á aðild að félaginu.

Halda skal skrá yfir fullgilda greiðandi félagskonur. Félagið skal leitast við að afla rekstrarstyrkja hjá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Aðeins þær félagskonur sem hafa greitt árgjald yfirstandandi árs teljast gildir meðlimir félagsins.

Félagið tekur ekki afstöðu til trúmála og er óháð hvers kyns stjórnsmálaskoðunum.

4. gr. Stjórnskipan

Stjórn félagsins skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Stjórn skal kjörin á aðalfundi að fengnum tillögum félagsmanna. Viðburðarnefnd starfar í umboði stjórnar. Meðstjórnandi er jafnframt formaður viðburðarnefndar. Stjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn, en meðstjórnandi og viðburðarnefnd á hverjum aðalfundi. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í embætti en tvö tímabil (fjögur ár) í senn. Þær sem sitja í stjórn og viðburðarnefnd félagsins sinna þeim verkum sem krafist er af þeim í sjálfböðavinnu en eru þó undanskildar því að greiða félagsgjöld á meðan stjórnar- og nefndarseta varir.

Aðalfund skal halda árlega, á vordögum. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa skal einnig kjósa skoðunarmenn reikninga sbr. 5.gr.

Stjórnarfundir skal jafnan halda þrisvar sinnum á ári. Skrá skal fundargerðir aðalfundar og stjórnarfundar og vista á vinnusvæði félagsins sem hluta af sögu þess. Dagleg umsjón félagsins, þ.m.t. umsjón upplýsingavefs er á ábyrgð stjórnar og skal hún jafnframt skilgreina árlega einstök verkefni og viðburði sbr. 5.gr.

Félagið greiðir fyrir hóflegan kostnað við veitingar á stjórnar- og nefndarfundum. Félagið umbunar stjórnar- og nefndarkonum í lok starfsársins þar sem þeim er boðið út að borða í boði félagsins fyrir aðalfund félagsins.

5. gr. Starfstímabil og ársreikningar

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins skal gera upp árangur liðins árs á aðalfundi með ársskýrslu. Jafnframt skal leggja fyrir aðalfund drög að fjárhagsáætlun og helstu verkefni yfirstandandi árs.

Ársreikningar félagsins áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum og stjórn félagsins skulu vera aðgengilegir félagsmönnum í minnst tvær vikur fyrir aðalfund.

Ársskýrslur, ársreikningar og fjárhagsáætlanir skulu vera aðgengilegir félagskonum eftir aðalfund og skulu vistast á vinnusvæði félagsins sem hluti af sögu þess.

Tillögur um breytingar á lögum félagsins skulu berast stjórn og vera kynntar félagsmönnum í tvær vikur fyrir aðalfund bæði í tölvupósti og á upplýsingavef félagsins. Breytingar á lögum þessum teljast samþykktar ef 2/3 fundarmanna á aðalfundi samþykkir þær og öðlist gildi eftir aðalfund.

6. gr. Félagsgjöld

Félagsgjöld félagsins skulu ákveðin á aðalfundi með hliðsjón af fjárhagsáætlun hvers árs og fyrirhuguðum verkefnum.

Félagsgjöld skulu innheimt að lokinni ákvörðun aðalfundar og innan mánaðar frá aðalfundi. Kröfur eru sendar til innheimtu í viðskiptabanka félagsins og skal settur gjalddagi og eindagi, án dráttarvaxta.

Ef félagsgjöld hafa ekki verið greidd á eindaga, sendir stjórn áminningu á félagskonu. Ef áminningu stjórnar er ekki sinnt innan 14 daga er litið á það sem úrsögn úr félaginu og félagskona er tekinn úr félagatali félagsins og út af samfélagssíðu félagsins.

7. gr. Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins er tekin á aðalfundi með a.m.k. 2/3 atkvæða fundarmanna á aðalfundi og skulu eignir félagsins, ef einhverjar, renna til góðgerðarmála tengd málefnum mæðra og barna.

Lagabreytingar á 4. 5. og 6. gr. voru samþykktar á aðalfundi félagsins 8. maí 2023 og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. maí 2023.